




Menntastefna Skagafjarðar

2026–2031



Yfirlit

Ávarp	3
Inngangur	4
Leiðarljós	5
Gildi	5
Framtíðarsýn	5
Meginmarkmið	5
Leikur, nám og kennsla	6
Læsi	7
Velferð og aðbúnaður	7
Umhverfi og samfélag	8
Samvinna og samskipti	8
Ábyrgð	9



Ávarp

Menntun og uppeldi barna og ungmenna er eitt mikilvægasta hlutverk hvers sveitarfélags. Þar er lagður grunnur að farsælu og samheldnu samfélagi. Með menntastefnu þessari er lögð áhersla á að allt mennta- og uppeldisstarf í Skagafirði einkennist af gæðum, fagmennsku og skýrri framtíðarsýn þar sem velferð barna er í forgrunni. Leiðarljós stefnunnar er að skapa öruggt, uppbyggilegt og hvetjandi leik- og námsumhverfi þar sem öll börn njóta jafnra tækifæra – óháð uppruna, kyni eða færni. Starfið byggir á gildunum virðingu, metnaði og fagmennsku sem móta daglegt starf með börnum og ungmennum. Læsi í víðu samhengi, velferð, lýðræði, jafnrétti og skapandi starf eru lykilþættir í mennta- og uppeldisstarfi í Skagafirði. Með markvissu samstarfi skóla, foreldra og samfélagsins í heild er unnið að samfelli í leik og námi barna og að farsæld þeirra sé tryggð.

Sveitarfélagið ber ábyrgð á innleiðingu og eftirfylgni stefnunnar í samstarfi við skólastjórnendur, starfsfólk skóla og fræðslunefnd. Menntastefnan er lifandi skjal sem byggir á reglulegu innra mati og umbótamiðuðu starfi og gildir til ársins 2031, með möguleika á endurskoðun eftir þörfum. Einnig liggur fyrir aðgerðaráætlun þar sem búið er að leggja línurnar varðandi það hvernig fylgja skuli stefnunni eftir, markmið eru mælanleg og fræðslunefnd hefur eftirfylgni með að unnið sé eftir stefnunni og mun fá upplýsingar um framgang innleiðingar.

Ég vil þakka þeim sem sátu í stýrihópnum sérstaklega fyrir sína vinnu og tíma sem fór í að útbúa stefnuna og rýna hana. Ég óska Skagfirðingum öllum til hamingju með nýja menntastefnu fyrir árin 2026 til 2031. Skýr framtíðarsýn, jákvæðni og samvinna er grunnur að góðu gengi. Öll stefnum við að því að börnum okkar og ungmennum líði vel og að þau hljóti þá bestu menntun sem völ er á hverju sinni.



Sólborg Sigurrós Borgarsdóttir,
formaður fræðslunefndar Skagafjarðar

Inngangur

Menntastefna Skagafjarðar frá árinu 2020 hefur nú verið endurskoðuð, ný stefna sett ásamt aðgerðaáætlun sem gildir til ársins 2031. Stýrihópur skipaður af sveitarstjórn fór fyrir endurskoðuninni. Stýrihópurinn skipuðu: Hrund Pétursdóttir/Sólborg Sigurrós Borgarsdóttir, formaður fræðslunefndar, Steinunn Rósa Guðmundsdóttir, fulltrúi minnihluta fræðslunefndar, Jóhanna Sveinbjörg Traustadóttir, fulltrúi stjórnenda leikskóla, Trostan Agnarsson, fulltrúi stjórnenda grunnskóla og Nína Ýr Nielsen, fulltrúi fræðsluþjónustu. Ráðgjafi frá Ásgarði skólaráðgjöf stýrði vinnu hópsins sem fór fram haustið 2025. Breytingar í stefnumótun menntamála á Íslandi hafa verið töluverðar undanfarin ár, meðal annars var menntastefna Íslands sett árið 2020 og aðgerðaráætlanir henni tengdri í kjölfarið, breytingar gerðar á aðalnámskrám og gæðaviðmiðum, lög sett um farsæld barna og fleira. Við endurskoðunina var tekið tillit til þessarar þróunar, samráð haft við samfélagið, meðal annars haldnir íbúafundir, kannanir gerðar og fyrirbyggjandi gögn rýnd. Drög að endurskoðaðri stefnu voru kynnt í skólunum, í opnu samráði og að lokum var stefnan samþykkt í fræðslunefnd og sveitarstjórn.

Stýrihópurinn þakkar öllum þeim sem lögðu sitt af mörkum við endurskoðunina og hvetur samfélagið til að standa vörð um menntastefnuna.



Leiðarljós

Í starfi með börnum skal lögð áhersla á kennslu í fremstu röð, gæði, árangur og veita börnum haldgóða menntun í öruggu og uppbyggilegu umhverfi með velferð þeirra og alhliða þroska í forgrunni. Rík áhersla er lögð á að skapa námsumhverfi þar sem öll börn geta notið sín óháð uppruna, kyni eða færni og eru viðurkenndir og fullgildir þátttakendur.

Gildi

Skólastarf taki mið af gildum menntastefnu Íslands; **hamingja, hugrekki, sjálfbærni, þekking og þrautseigja**. Auk þeirra gilda komu fram eftirfarandi gildi í samráðsferli endurskoðunar sem allt starf með börnum og ungmennum skal taka mið af:

Virðing

Við leggjum áherslu á að öllum líði vel, tilheyri og njóti virðingar þar sem samvinna og samskipti byggja á trausti og virðingu.

Metnaður

Við stefnum hátt með þrautseigju að leiðarljósi og setjum skýr og háleit markmið.

Fagmennska

Við störfum af ábyrgð, virðingu og fagmennsku.

Framtíðarsýn

Í Skagafirði er mennta- og uppeldisstarf mótað af gæðum, trausti, virðingu og samvinnu þar sem velferð og árangur eru í forgrunni. Börn og ungmenni fá jöfn tækifæri til að vaxa og þroskast í öruggu og hvetjandi leik- og námsumhverfi. Með metnaði, fagmennsku og einstaklingsmiðaðri nálgun vinnur skólasamfélagið saman að því að mæta þörfum hvers og eins og móta grunn að hæfni fyrir framtíðina.


Meginmarkmið

1. Mennta- og uppeldisstarf fylgi lögum, aðalnámskrám og grundvallast af grunnþáttum menntunar (læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti, sköpun), Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og heimsmarkmiðunum.
2. Mennta- og uppeldisstarf einkennist af trausti, metnaði, nýsköpun, skynsamlegri tækninotkun og áherslu á faglegan stuðning við starfsfólk og starfsþróun.
3. Nemendur njóti faglegs, öruggs og barnvæns umhverfis sem styður við árangur, framfarir, gæðanám og velferð.
4. Velliðan er í öndvegi og áhersla á góð samskipti, sterka sjálfsmynd, tilfinningalegt öryggi, inngildingu, félagsfærni og geðrækt. Veita skal snemmtækan og samþættan stuðning í anda farsældar.
5. Lögð er áhersla á læsi í víðu samhengi sem lykilþátt í leik og námi.
6. Skólarnir vinna saman, milli skólastiga, með nærsamfélagi, atvinnulífi og íþrótt- og tómstundastarfi með það að markmiði að skapa samfellu í leik og námi barna.
7. Samstarf við foreldra/forsjáaraðila sé uppbyggjandi og farsælt.
8. Reglulegt innra mat er skipulagt, markvisst og umbótamiðað.

Leikur, nám og kennsla

Skipulag skólastarfs byggir á gildum menntastefnunni og grunnþáttum menntunar sem hver skóli gerir grein fyrir í skólanámskrá. Starf með börnum byggir á Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna um að menntun beinist að því að rækta persónuleika, hæfileika og andlega og líkamlega getu hvers barns. Mennta- og uppeldisstarf í Skagafirði er faglegt og skapandi með áherslu á list- og verkgreinar, upplýsingatækni og nýsköpun. Hvatt er til frumkvæðis og sjálfstæðis í vinnubrögðum. Tónlistarnám er mikilvægur hluti menntunar í Skagafirði. Með því að veita börnum og ungmennum jafnt aðgengi að tónlistarnámi er verið að styrkja breidd í námi barna, skapandi hugsun og sjálfsaga sem ýtir undir færni og árangur í öðru námi. Lögð er áhersla á lýðræðisleg vinnubrögð, einstaklingsmiðað nám, fjölbreyttar kennsluaðferðir og leik sem námsleið barna til að rannsaka heiminn og taka framförum.

Áhersla er lögð á að mæta nemendum þar sem þeir eru staddir og að allir fái verkefni við hæfi án aðgreiningar með aðferðum sem stuðla að vellíðan, virkri þátttöku og uppbyggilegu námsumhverfi. Lögð er áhersla á fjölbreytt, gagnsætt og leiðbeinandi námsmat sem styður nemendur í að meta eigin framfarir og axla stigvaxandi ábyrgð á námi sínu. Námsmat er byggt á leik, námi og velferð nemenda og tekur mið af áhuga og hæfni með það að markmiði að efla sjálfsmynd og trú á eigin getu. Matsferlið er samstarfsmiðað, skipulagt og samþætt daglegu starfi. Mat er bæði einstaklings- og hópmiðað og miðar að umbótum, þar sem námsumhverfi og aðferðir eru aðlagðar þannig að allir nemendur fái að njóta sín.



Læsi

Læsi er undirstöðupáttur mannréttinda og grunnur að öllu námi. Læsi er lykilpáttur í þróun einstaklingsins og hæfni hans til að takast á við lífið og vera virkur þátttakandi í samfélagi. Læsi í víðum skilningi nær yfir lestur, ritun, hlustun, tjáningu, miðlalæsi og stafrænt læsi. Læsi felur í sér að nemendur geti lesið sér til gagns og ánægju en jafnframt að þeir séu læsir á umhverfi sitt.

Meginmarkmið læsis er að nemendur séu virkir þátttakendur og bregðist á persónulegan, skapandi og gagnrýninn hátt við því sem þeir lesa með hjálp þeirra miðla og tækni sem völ er á.

Einnig fá nemendur góða þjálfun í hlustun í þeim tilgangi að meðtaka upplýsingar og vinna þannig úr umhverfinu. Mikilvægt er að nemendur öðlist færni í að nýta íslensku í leik og námi og fái viðeigandi stuðning til þess. Leggja ber áherslu á að nemendur þjálfist í að tjá þekkingu sína, skoðanir og tilfinningar á fjölbreyttan hátt. Skólarnir beita fjölbreyttum og þaulreyndum náms og lestrarkennsluaðferðum og tryggja þannig að læsisnám sé markvisst, einstaklingsmiðað og feli í sér virka þátttöku nemenda. Með samþættingu listgreina og tónlistar við læsi er hægt að styrkja hljóðkerfisvitund, takt og mynstur sem eru lykilatriði í lestrarfærni. Til að tryggja framfarir nemenda og veita viðeigandi stuðning skal gera skýrar áætlanir um beitingu fjölbreyttra og áreiðanlegra matstækja. Læsi endurspeglast í námsáætlunum, námsumhverfi og daglegu starfi.

Velferð og aðbúnaður

Heilbrigð lífarni stuðlar að almennri velferð og geðrækt, ábyrgð á eigin lífi og jákvæðri sjálfsmynd. Mikilvægt er, í samvinnu við heimilin, að leggja rækt við hollar lífsvenjur nemenda til að auka vitund þeirra á jákvæðum áhrifum heilbrigðs lífnis. Góð heilsa er undirstaða velfarnaðar í námi og starfi og virkri þátttöku í samfélaginu. Aðbúnaður skal vera góður og náms og starfsumhverfi skal ávallt vera samkvæmt gildandi viðmiðum og hafi velferð barna og starfsfólks að leiðarljósi. Farsæld barna er styrkt með skipulögðu samstarfi skóla-, félags- og heilbrigðisþjónustu og annarra fagaðila, þar sem samþætt þjónusta er veitt í nánú samráði við fjölskyldur. Mikilvægt er að styðja við heildræna nálgun og farsæla þátttöku nemenda í skóla- og frístundastarfi.

Umhverfi og samfélag

Sjálfbærnimenntun er mikilvæg og felur í sér að nemendur læra að bera virðingu fyrir umhverfinu, sjálfum sér og öðrum og takast á við áskoranir sem tengjast samspili umhverfis, samfélags og efnahagslífs í þróun sjálfbærs samfélags. Útinám og samstarf við nærsamfélagið er mikilvægur þáttur skólastarfs þar sem nærumhverfið er nýtt sem leik- og kennslurými og nemendum eru boðin krefjandi verkefni með raunverulegum úrlausnarefnum í samstarfi við nærsamfélagið. Náttúran er ekki aðeins vettvangur hreyfingar og upplifunar, heldur lykill að því að fræða börn um sögu héraðsins, gildi þess að lifa í sátt við umhverfið og auðlindir og tengja skólastarf heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna.

Samvinna og samskipti

Samvinna og góð samskipti eru lykill að árangri og góðri líðan og heilbrigð sjálfsmynd er grundvöllur félagsfærni og lífsleikni. Skólastarf skal grundvallast á lýðræðislegum vinnubrögðum, jafnræði, jafnrétti og virðingu fyrir fjölbreytileika. Samstarf og samskipti við foreldra/ forsjáraðila skal vera farsælt og uppbyggjandi. Þeir fá tækifæri til að styðja við skólagönguna með virkum hætti enda er menntun og uppeldi hvers barns samvinnuverkefni fjölskyldu og skóla.

Tónlistarskóli Skagafjarðar starfar m.a. í húsnæði allra þriggja grunnskólanna í sveitarfélaginu, sem skapar tækifæri til aukins samstarfs við þá sem og við leikskólana með skýrum samstarfsáætlunum. Mikilvægt er að samstarf, virk tengsl og miðlun upplýsinga sé milli allra skóla og skólastiga í Skagafirði, til að stuðla að samfelldu námi og velferð nemenda.



Ábyrgð

Sveitarfélagið styður markvisst við innleiðingu menntastefnunnar og ber ábyrgð á að hún endurspeglir í stefnu og starfi skólanna. Skólastjórar bera ábyrgð á innleiðingu og framkvæmd stefnunnar og forgangsröðun aðgerða. Staða hvers skóla gagnvart stefnupáttum menntastefnunnar er birt í opnum og aðgengilegum skýrslum um innra mat í lok hvers skólaárs.

Fræðslunefnd ber ábyrgð á mati og eftirliti með framgangi stefnunnar í umboði sveitarstjórnar.

Menntastefnan gildir til ársins 2031 en skal endurskoðuð fyrir ef ástæða er til. Eftirfylgni og endurskoðun stefnunnar verður í höndum fræðslunefndar og starfsfólks skólasamfélagsins eftir atvikum, sem jafnframt fylgja innleiðingu hennar eftir.

